


Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Háslón og í byggð sumarið 2006



Landsvirkjun

Júní 2007

Skýrsla nr: LV-2007/067

Dags: 14. júní 2007

Fjöldi síðna: 57 Upplag: 15 Dreifing: ☒ Opin ☐ Lokuð til

Titill: Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, sumarið 2006

Höfundar: Gerður Guðmundsdóttir, plöntuvistfræðingur M. Sc., á Náttúrustofu Austurlands

Verkefnisstjóri: Pétur Ingólfsson, verkefnisstjóri Kárahnjúkavirkjun

Unnið fyrir: _____

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Tilgangur fallryksmælinganna er að meta áhrif Háslóns á mistur, sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótisdalshérað, með því að bera saman fallryk við lónið og fallryk í byggð fyrir og eftir tilkomu miðlunarlónsins.

Fyrsta skýrslan (LV-2006-002) kom út árið 2006 vegna fallryksmælinga sumarið 2005, en þessi skýrsla fjallar um fallryksmælingar sumarið 2006.


Hreggviður Jónsson, starfsmaður Landsvirkjunar, sá um rekstur mæla og söfnun sýna sem voru vigtuð hjá Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins á Neskaupstað. Yfirumsjón og gerð skýrslu var í höndum Náttúrustofu Austurlands.

Lykilorð: Kárahnjúkavirkjun, Háslón, fallryk, mistur, umhverfismál

ISBN nr: _____

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar



Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar við Háslón
og í byggð

Sumarið 2006

Gerður Guðmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	1
2. Aðferðir	1
2.1 Mælistaðir	1
2.2 Mælar	2
2.3 Mælingar 2006.....	2
3. Niðurstöður mælinga 2006.....	4
4. Túlkun mælinga	6
5. Heimildir.....	8

VIÐAUKI I - Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI II - Fallryksmælingar 2006

VIÐAUKI III - Skráning umsjónarmanns 2006

VIÐAUKI IV - Vindhraði og úrkoma á nokkrum veðurathugunarstöðum 2006

VIÐAUKI V- Vindhraði og úrkoma á nokkrum veðurathugunarstöðum 2005


VIÐAUKI VI - Hiti, vindátt og vindhraði á Egilsstöðum í júní 2006

1. INNGANGUR

Tilgangur fallryksmælinga við Háslón og í byggð er að meta áhrif Háslóns á mistur, sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótsháls. Þetta er gert með því að bera saman loftborið ryk (fallryk) við lónið, á Brúaröræfum og í byggð fyrir og eftir tilkomu miðlunarlónsins. Nánari lýsingu á forsendum þess að ákveðið var að framkvæma fallryksmælingar er að finna í skýrslunni Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, mælingar sumarið 2005 (Ingvar Björnsson 2006).

2. AÐFERÐIR

Reiknilíkan hefur verið notað til að reikna dreifingu ryks frá Háslóni í hvassviðrum. Það gefur til kynna að fok úr lónstæðinu leiti í meginatriðum norður Jökuldal og dreifist til beggja hliða eftir því sem norðar dregur, þó frekar til austurs. Fallryk verður eðlilega mest næst lóninu en minnkar verulega þegar kemur út á Ytri-Jökuldal (Snorri Páll Kjarran og Hjalti Sigurjónsson 2004).




1.mynd. Mælistaðir fallryks.

2.1 Mælistaðir

Mælistaðir voru valdir með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkansins, aðgengi að viðkomandi stöðum, að lítil hætta væri á ágangi frá skepnum, og að þeir væru utan svæða þar sem væri jarðrask eða önnur starfsemi sem hefði rykmyndun í för með sér. Sumarið 2006 var bætt við tveimur mælistöðum frá sumrinu 2005 og voru settir upp samtals fjórtán mælar, þar af fimm mælar á Fljótshálsheiði (í byggð), sex mælar á Háslónssvæði, þrír austan og þrír vestan Háslóns og þrír mælar á Brúaröræfum, en þeir mælar gefa hugmynd um ákomu ryks frá svæðum lengra vestur frá Háslóni. Misjafnt aðgengi var á þessa staði og suma þeirra var aðeins hægt að komast á yfir hásumarið (1. mynd). Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaðina er að finna í viðauka I.

2.2 Mælar

Fallryksmælar til söfnunar á ryksýnum eru samkvæmt norskum staðli NS 4852 og frágangur mæla og söfnun sýna er einnig samkvæmt honum. Söfnunarílát eru úr plasti, sívöl 200 mm í þvermál og 400 mm há. Í þau eru settir 500 ml af 5% 2-methoxyethanoli og þeim komið fyrir í grind á stöng, þannig að efri brún ílátsins er 2 m yfir þeim stað þar sem mælirinn er settur (2. mynd).



2. mynd. a) Söfnunarílát úr plasti, b) Söfnunarílát í grind, c) Fallryksmælir.

Skipt er um ílát á um 30 daga fresti og þurrefni sýnanna vikuð hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Neskaupstað. Við skipti á íláti er skráð dagsetning og hvort einhverjar sérstakar aðstæður geti haft áhrif á niðurstöðu mælingar. Umsjónarmaður með mælunum lýsir veðurfari um söfnunartímann hvert sinn. Nánari lýsingu á fallryksmælum og aðferð við sýnatöku og viktun er að finna í NS 4852 (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).

2.3 Mælingar 2006

Fyrir fallryksmælingarnar 2006 var lagt upp með að æskilegt væri að setja safnílátin upp um mánamót maí/júní og mæla fallrykið til loka september og skipta um safnílát um hver mánaðarmót þar á milli (30 daga fresti $\pm$ 2 dagar). Ekki tókst að setja öll safnílátin upp við Háslónssvæði og Brúaröræfi um mánaðarmót maí/júní vegna ófærðar á svæðin. Öll safnílátin voru komin upp í byrjun júlí. Ágætlega gekk að skipta um safnílát um hver mánaðarmót, sjá viðauka II og III. Á mynd 3 til 8 má sjá fallryksmæla á nokkrum mælistöðum.

Söfnunarstaðir á Fljótsdalshéraði (mælar 1 til 5) voru settir upp 2. maí 2006. Á þessum stöðum var búnaðurinn svo uppi í 6 mánuði. Sýnin urðu því 6, eitt sýni fyrir hvern mánuð. Skipt um söfnunarílát við hver mánaðamót.



3. mynd. Strönd á Völlum



4. mynd. Brú á Jökuldal

Á Háslónssvæði (mælar 6 til 11) voru mælar nr. 6,7,10 og 8 settir upp 8. júní og mælar nr. 11 og 9 voru settir upp 3. júlí. Safnað var úr sýnum út september. Fjórum sýnum frá nr. 6,7,10 og 8 og 3 sýnum frá mælum nr. 11 og 9.




5. mynd. Í Lindum, austan Háslóns



6. mynd. Í Sauðárdal (2), Vestan Háslóns

Á Brúaröræfum (mælar 12 til 14) var mælir nr. 12 settur upp 2. júlí og mælar nr. 13 og 14 voru settir upp 4. júlí. Safnað var úr sýnum út september þ.e. 3. sýnum var safnað fyrir hverja mælistöð.



7. mynd. Breiðastykki




8. mynd. Vestan Arnardals

Veðurfarsgögn er að finna í viðauka IV til VI. Í viðauka IV eru gögn frá sjálfvirkum veðurstöðvum Landsvirkjunar við Kárahnjúka, Brú á Jökuldal og á Eyjabökkum, stöðvum Veðurstofunnar á: Hallormsstað, Egilsstaðaflugvelli og í Möðrudal, og sjálfvirkri veðurstöð Siglingamálastofnunar í Bjarnarey. Í viðauka V eru gögn frá veðurstöðvum á Egilsstöðum og Brú og í Viðauka VI eru gögn frá veðurstöðinni á Egilsstöðum. Einnig er stuðst við veðurfarsgögn sem finna má á vef veðurstofunnar <http://www.vedur.is/vedurfar/>.


3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA 2006

Þegar skoðuð er ákoma ryks í mælum á Fljótsdalshéraði sumarið 2006 sést að ryk var yfirleitt lítið og undir 5 g/m^2 á öllum mælistöðvum á Fljótsdalshéraði alla sumarmánuðina nema á Brú í júní þar sem fallryk mældist 7 g/m^2 . Mest ryk kom í mælana í júnímánuði á öllum mælistöðvum nema Hólmatungu þar sem mest ryk kom í júlí. Næst mest ryk á Brú var í júlí, á Hvanná í september, í Hólmatungu í júní og Mýnesi í júlí. Á Strönd var ryksöfnun mjög lítil alla mánuði minna en $0,5 \text{ g/m}^2$ nema í júní. Í maí, ágúst, september og október var ryksöfnun mjög lítil á öllum stöðum, minna en 1 g/m^2 , nema á Mýnesi í maí og á Hvanná í september þar sem það er í kringum $1,5 \text{ g/m}^2$ sem einnig þykir lítið (9. mynd).




9. mynd. Fallryk (g/m^2) á mælistöðvum á Fljótsdalshéraði sumarið 2006.

Niðurstöður fallryksmælinga frá stöðvum á Háslónssvæðinu sýna að fallryk var einnig lítið á þessu svæði sumarið 2006 og fór magn þess hvergi yfir 2 g/m^2 á mælistöðvum á Háslónssvæðinu á tímabilinu júní – september (10. mynd). Ekki var þó safnað á stöðvum vestan Sauðárdals og í Sauðárdal (2) í júní þar sem ekki tókst að koma þar upp mælum fyrr en í júlí. Mest mældist ryk í Sauðárdal (1) í júní, um $1,7 \text{ g/m}^2$, en annars var það undir 1 g/m^2 allsstaðar annarsstaðar. Mest ryk mældist í júní og minnst í september.



10. mynd. Fallryk (g/m^2) á mælistöðvum á Háslónssvæðinu á tímabilinu júní – september 2006.

Ekki var hægt að koma fyrir mælum á Brúaröræfum fyrr en í júlí. Niðurstöður mælinga sína að fallryk var lítið á þessu svæði mest um $4 \text{ g}/\text{m}^2$ á Breiðastykki í júlí og tæplega $1,5 \text{ g}/\text{m}^2$ í Arnardal í júlí en annars voru mælingar undir $1 \text{ g}/\text{m}^2$ (11. mynd).



11. mynd. Fallryk (g/m^2) á mælistöðum á Brúaröræfum á tímabilinu júlí – September 2006

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum fallryksmælinganna ásamt umsögn hans um veðurfar er að finna í viðauka II og III.

4. TÚLKUN MÆLINGA

Í skýrslu Hollustuverndar ríkisins frá 1985 um fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði er sett fram eftirfarandi tillaga um loftgæðamörk fyrir fallryk, miðað við 30 daga mælitíma (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Tafla 1. Loftgæðamörk fyrir fallryk

Ástand	Magn
Gott	$< 5 \text{ g/m}^2$
í lagi	$5\text{-}10 \text{ g/m}^2$
Óviðunandi	$> 10 \text{ g/m}^2$

Árið 2006 er annað árið sem þessar mælingar eru framkvæmdar. Séu niðurstöður mælinganna fyrir sumarið 2006 bornar saman við töfluna hér að ofan sést að ákoma ryks á mældum svæðum er í öllum tilvikum, utan eins, í góðu lagi og í einu tilviki í lagi (9. til 11. mynd).

Í júní mældist meira fallryk en hina mánuðina (á þeim stöðum sem mælt er á í júní) nema í Hólmatungu. Á Brú mældist fallryk rúmlega 7 g/m^2 sem þykir í lagi en er nokkuð hærra en aðrar mælingar (9. og 10. mynd). Séu gögn veðurstofunnar skoðuð (viðauki IV, VI og <http://www.vedur.is/vedurfar>) sést að í júnímánuði voru ríkjandi sunnan og vestan áttir með þurru veðri og einnig eru dagar þar sem vindhviður eru á tímabilum yfir sólarhringinn. Við slíkar aðstæður þar sem þurrt hefur verið í veðri þarf ekki mikinn vind til að feykja upp jarðvegi og er það því líklegt að það sé ástæða þess að fallryk mældist svo hátt í júní.

Tafla 2. Úrkoma (mm) og fjöldi úrkomudaga (fj.úrk.d) á Egilsstöðum og á Brú í júní, júlí og ágúst, 2005 og 2006.

	Egilsstaðir				Brú			
	2005 mm	fj.úrk.d.	2006 mm	fj.úrk.d.	2005 mm	fj.úrk.d.	2006 mm	fj.úrk.d.
júní	36	9	18	7	24	8	14	8
júlí	60	9	32	10	52	8	75	15
ágúst	39	15	93	12	47	17	65	11

Sumarið 2005 voru mælingar langt innan þeirra marka sem teljast viðunandi og er það mat kunnugra að óvenjulítið fok hafi verið sumarið 2005 og er það rakið til þess að sumarið var votviðrasamt (Ingvar Björnsson 2005). Séu niðurstöður fallryksmælinga fyrir sumarið 2005 og 2006 bornar saman sést að fyrir utan júnímánuð 2006 er ekki stór munur á fallrykstölum milli ára og eru mælingarnar vel innan viðunandi marka. Í júnímánuði 2006 eru fallrykstölur hins vegar miklu hærri en í júní 2005 t.d. á Brú er fallryk um 3 g/m^2 í júní 2005 en um 7 g/m^2 í júní 2006, sjá (9. til 11. mynd) og (Ingvar Björnsson 2005). Þetta má líklega rekja til þess að úrkoma var töluvert minni í júnímánuði 2006 en 2005. Úrkoman á Egilsstöðum var 18 mm í júní 2006 og á Brú var hún aðeins 14 mm en í júní 2005 var úrkoman 36 mm á Egilsstöðum og 24 mm á Brú (tafla 2). Úrkomudagar voru aðeins tveimur færri í júní 2006 en júní 2005 á Egilsstöðum og á Brú voru úrkomudagar jafn margir (tafla 2). Úrkomudagar

eru svipað margir í júní 2005 og 2006, það virðist því vera að úrkoman sé það lítil í hvert sinn 2006 að hún nái ekki bleyta jarðveginn nóg til að hindra jarðvegsfok. Júnímánuður 2006 var einnig þurrari en aðrir mánuðir meðan mælingar stóðu yfir en eins og áður sagði voru sunnan og vestanáttir ríkjandi þennan mánuð með þurru veðri. (viðauki IV til VI og <http://www.vedur.is/vedurfar/>).

Nú hafa mælingar á ákomu ryks verið framkvæmdar í tvö ár, og niðurstöðurnar sína að þurrviðristímabil virðast auka ákomu ryks. Á þessum tveimur árum, fyrir tilkomu miðlunarlónsins, hefur verið bæði þurrviðra- og votviðratímabil sem ættu að gefa ágæta mynd af ákomu ryks fyrir tilkomu miðlunarlóns. Ekki eru þó dæmi af hvössum sunnan- og vestanáttum á þessum mælitíma sem hægt væri að miða við. Það hefði verið gott að hafa mælingar á Brúaröræfum í júní 2006 og á fleiri stöðum á Háslónasvæðinu, þar sem mest áfok var í júní.

5. HEIMILDIR

Ingvar Björnsson 2006. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2005*. Landsvirkjun LV 2006/002

NS 4852 1981. *Luftundersøkelser, Uteluft. Måling af størnedfall, Støvsamler med horisontal samleplate, 2. utg.* Norges Standardiseringsforbund (NFS).

Sigurbjörg Gísladóttir 1985. *Fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði, desember 1984 - maí 1985*. Reykjavík, Hollustuvernd ríkisins, 34 s.

Snorri Páll Kjaran og Hjalti Sigurjónsson 2004. *Dreifing ryks af bökkum Háslóns, Áfangaskýrsla III*. Verkfræðistofan Vatnaskil unnið fyrir Landsvirkjun LV-2004/84

Veðurstofa Íslands. Upplýsingar um vindhraða, vindátt og úrkomu á nokkrum veðurstöðvum á austurlandi sumarið 2005 og 2006 sent með tölvupósti, desember 2006 og janúar 2007.

<http://www.vedur.is/vedurfar/>.

Viðauki I

Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI I

Hnitskrá (GPS) fyrir mælistaðina er í eftirfarandi töflu

Mælistaðir á Fljótsdalshéraði:	A	B	Lat	Lon
Áfok01 Strönd Vallahreppi	65.09.898	14.36.339	65,16496667	-14,60565000
Áfok02 Mýnes Eiðahreppi	65.18.212	14.22.511	65,30353333	-14,37518333
Áfok03 Hólmátunga Hlíðarh	65.38.969	14.21.184	65,64948333	-14,35306667
Áfok04 Hvanná 2 Jökuldal	65.21.895	14.49.924	65,36491667	-14,83206667
Áfok05 Brú á Jökuldal	65.06.513	15.31.777	65,10855000	-15,52961667
Mælistaðir við Háslón:				
Áfok06 Lindur	64.53.900	15.48.254	64,89833333	-15,80423333
Áfok07 Kofaalda	64.50.876	15.49.330	64,84793333	-15,82216667
Áfok08 Sauðárdalur (1)	64.56.010	15.53.338	64,93350000	-15,88896667
Áfok09 Vestan Sauðárdals	64.54.232	15.57.108	64,90386667	-15,95180000
Áfok10 Á Búrfellstöglum	64.55.482	15.43.620	64,92470000	-15,72700000
Áfok11 Sauðárdalur (2)	64.54.941	15.55.278	64,91568333	-15,92130000
Mælist. á Brúaröræfum				
Áfok12 Breiðastykki	65.08.817	15.45.174	65,14695000	-15,75290000
Áfok13 Arnardalur	65.06.132	16.05.919		
Áfok14 Fagridalur	64.56.016	16.01.595		

Viðauki II

Fallryksmælingar 2006

VIÐAUKI II

Kárahnjúkavirkjun
Fallryksmælingar 2006
 Fallryk í grömmum á tilteknu tímabili

Fljótsdalshérað (mælistaðir í byggð)

Ár 2006		Stöð Nr. 1	Stöð Nr. 2	Stöð Nr. 3	Stöð Nr. 4	Stöð Nr. 5
Tímabil	Dagar	Strönd gr.	Mýnes gr.	Hólmatu. gr.	Hvanná gr.	Brú gr.
2/5 - 1/6	30	0,0011	0,0417	0,0039	0,0079	0,0237
1/6 - 2/7	31	0,1526	0,14	0,0197	0,0962	0,2198
2/7 - 31/7	29	0,0034	0,0659	0,0255	0,0397	0,1165
31/7 - 2/9	33	0,0045	0,0021	0,0142	0,0073	0,0255
2/9 - 2/10	30	0,0046	0,0152			
2/9 - 1/10	29			0,014	0,051	0,0124
2/10 - 1/11	30	0,0038	0,0099			
1/10 - 1/11	31			0,014	0,0038	0,0094

Háslónssvæði

Austan Háslóns

Vestan Háslóns

Ár 2006		Stöð Nr. 6	Stöð Nr. 7	St. Nr. 10	Stöð Nr. 8	Stöð Nr. 9	Sr. Nr. 11
Tímabil	Dagar	Lindur gr.	Kofalda gr.	Búrf.tögl gr.	Sauðárd. gr.	VeSárd. gr.	Sauðárd. gr.
8/6 - 3/7	29	0,024	0,0234	0,0254	0,0545		
3/7 - 1/8	29	0,0072	0,0164	0,0161	0,0282	0,0182	0,0235
1/8 - 3/9	33	0,0144	0,0085	0,0058	0,0152	0,0162	0,0106
3/9 - 1/10	28	0,0011	0,0042	0,0037	0,0108	0,0068	0,0053

Brúaröræfi

Ár 2006		St. Nr. 12	St. Nr. 13	St. Nr. 14
Tímabil	Dagar	Breiðastk. gr.	Arnard. gr.	Fagrid. gr.
2/7 - 1/8	30	0,126		
4/7 - 1/8	28		0,043	0,0211
1/8 - 3/9	33	0,0044	0,0167	0,0196
3/9 - 1/10	28	0,0204	0,024	0,0215

Viðauki III

Skráning umsjónarmanns 2006

VIÐAUKI III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

2006
Strönd Vallahreppi Fljótsdalshéraði.

Áfok 1

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 1	N: 65° 09,898' V: 014° 36,339'	500-1000 m innan við bæinn Strönd á Völlum. Þar á grasi grónum Fljótsbakkanum.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2006-05-02		A-SA gola -kaldi. Skýjað, skúrir og fr, svalt.				
Sýni 1	2006-05-02	2006-06-01	Með smá undantekningum voru ríkjandi N-NA áttir þennann mánuð, frekar svalt veðurlag og rakt. Um mánaðarmót maí-júní er enn snjór yfir stórum hluta lands fyrir ofan 600 m,h,y,s	2006-06-02	0,0011	2006-1576	
Sýni 2	2006-06-01	2006-07-02	Veður í júnímánuði var fremur umhleyppingasamt og ekki með þeim hætti að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,1526	2006-1870	
Sýni 3	2006-07-02	2006-07-31	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0034	2006-2096	
Sýni 4	2006-07-31	2006-09-02	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0045	2006-02361	
Sýni 5	2006-09-02	2006-10-02	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0046	2006-02762	
Sýni 6	2006-10-02	2006-11-01	Október mánuður var mjög votviðrasamur. Og nánast laus við veðurlag sem skapaði skilyrði til foks á mold, eða öðrum jarðefnum. Smávegis snjóaði síðustu daga mánaðarins.	2006-11-03	0,0038	2006-03218	
			Mælingu 2006 hætt 2006-11-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2006
Mýnes Eiðahreppi Fljótshéraði.

Áfok 2

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 2	N: 65° 18,212' V: 014° 22,511'	Í landi Mýness (SV við tún við bæinn) V megin vegar sem liggur frá Eiðavegi að sumarbústað og niður að Fljóti. Land er nokkuð jafnt og gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-05-02		A-SA gola -kaldi. Skyjað, skúrur og fr, svalt.				
Sýni 1	2006-05-02	2006-06-01	Með smá undantekningum voru ríkjandi N-NA áttir þennann mánuð, frekar svalt veðurlag og rakt. Um mánaðarmót maí-júní er enn snjór yfir stórum hluta lands fyrir ofan 600 m,h,y,s	2006-06-02	0,0417	2006-1577	
Sýni 2	2006-06-01	2006-07-02	Veður í júnímánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,1400	2006-1871	
Sýni 3	2006-07-02	2006-07-31	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrur. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0659	2006-2097	
Sýni 4	2006-07-31	2006-09-02	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0021	2006-02362	
Sýni 5	2006-09-02	2006-10-02	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll um miðjan mánuðinn en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0152	2006-02763	
Sýni 6	2006-10-02	2006-11-01	Október mánuður var mjög votviðrasamur. Og nánast laus við veðurlag sem skapaði skilyrði til foks á mold, eða öðrum jarðefnum. Smávegis snjóaði síðustu daga mánaðarins.	2006-11-03	0,0099	2006-03219	
			Mælingu 2006 hætt 2006-11-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

2006

Hólmaturga í Hlíðarhreppi á Fljótsdalshéraði

Áfok 3

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 3	N: 65° 38,969' V: 014° 21,184	Staðsettur 8-900 m SV bæjar að Hólmaturgu í Hlíðarhr. N Hér. Stendur í S horni á túni á bakka Jökulsár. Farvegur Jöklu er sandur en nánasta umhverfi annars slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-05-02		A-SA gola -kaldi. Skýjað, skúrir og fr, svalt.				
Sýni 1	2006-05-02	2006-06-01	Með smá undantekningum voru ríkjandi N-NA áttir þennann mánuð, frekar svalt veðurlag og rakt. Um mánaðarmót maí-júní er enn snjór yfir stórum hluta lands fyrir ofan 600 m.h.y.s	2006-06-02	0,0039	2006-1578	
Sýni 2	2006-06-01	2006-07-02	Veður í júnímánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,0197	2006-1872	
Sýni 3	2006-07-02	2006-07-31	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0225	2006-2098	
Sýni 4	2006-07-31	2006-09-02	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um þoku, súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0142	2006-02363	
Sýni 5	2006-09-02	2006-10-01	September var óvenju hlýr, lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,140	2006-02764	
Sýni 6	2006-10-01	2006-11-01	Október mánuður var mjög votviðrasamur. Og nánast laus við veðurlag sem skapaði skilyrði til foks á mold, eða öðrum jarðefnum. Smávegis snjóaði síðustu daga mánaðarins.	2006-11-03	0,0140	2006-03220	
			Mælingu 2006 hætt 2006-11-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

2006
Hvanná 2. Jökuldal Fljótsdalshéraði

Áfok 4

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 4	N: 65° 21,895' V: 014° 49, 924	Staðsettur við Hvanná 2 á Jökuldal, 3-400 m SV við íbúðarhúsi í jaðri á túni. Land í næsta nágrenni er tiltölulega flatt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetning	2006-05-02		A-SA gola -kaldi. Skýjað, skúrir og fr, svalt.				
Sýni 1	2006-05-02	2006-06-01	Með smá undantekningum voru ríkjandi N-NA áttir þennann mánuð, frekar svalt veðurlag og rakt. Um mánaðarmót maí-júní er enn snjór yfir stórum hluta lands fyrir ofan 600 m.h.y.s	2006-06-02	0,0079	20061579	
Sýni 2	2006-06-01	2006-07-02	Veður í júnímánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,0962	20061873	
Sýni 3	2006-07-02	2006-07-31	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0397	2006-2099	
Sýni 4	2006-07-31	2006-09-02	Veðurfari í ágústmánuði er nokkuð lýst með eftirlarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0073	2006-02364	
Sýni 5	2006-09-02	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0510	2006-02765	
Sýni 6	2006-10-01	2006-11-01	Októbermánuður var mjög votviðrasamur. Og nánast laus við veðurlag sem skapaði skilyrði til foks á mold, eða öðrum jarðefnum. Smávegis snjóaði síðustu daga mánaðarins.	2006-11-03	0,0038	2006-03221	
			Mælingu 2006 hætt 2006-11-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

2006
Brú á Jökuldal Fijótsdalshéraði.

Áfok 5.

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 5	N: 65° 06,513 V: 015° 31, 777	Stöðsettur við hlið veðurathugunarstöðvar LV að Brú á Jökuldal. Næsta umhverfi er slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-05-02		A-SA gola -kaldi. Skýjað, skúrir og fr, svalt.				
Sýni 1	2006-05-02	2006-06-01	Með smá undantekningum voru ríkjandi N-NA áttir þennann mánuð, frekar svalt veðurlag og rakt. Um mánaðarmót maí-júní er enn snjór yfir stórum hluta lands fyrir ofan 600 m,h,y,s	2006-06-02	0,0237	2006-1580	
Sýni 2	2006-06-01	2006-07-02	Veður í júnimánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,2198	2006-1874	
Sýni 3	2006-07-02	2006-07-31	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,1165	2006-2100	
Sýni 4	2006-07-31	2006-09-02	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0255	2006-02365	
Sýni 5	2006-09-02	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0124	2006-02766	
Sýni 6	2006-10-01	2006-11-01	Októbermánuður var mjög votviðrasamur. Og nánast laus við veðurlag sem skapaði skilyrði til foks á mold, eða öðrum jarðefnum. Smávegis snjóaði síðustu daga mánaðarins.	2006-11-03	0,0094	2006-03222	
			Mælingu 2006 hætt 2006-11-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Lindur. Vestur örfæum

Áfok 6

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 6	N: 64° 53, 900 V: 015° 48, 254	Staðs, innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi er sléttur nokkuð vel gróinn melur.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-06-08		V-SV stormur-gola. Léttskýjað og allverulegt sandfok vestan frá Öskjuörfæum og víðar fyrri hluta dags. Hiti allt að 20 stig í byggð.				
Sýni 1	2006-06-08	2006-07-03	Veður í júnímánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,2400	2006-1875	
Sýni 2	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurrar og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0072	2006-2101	
Sýni 3	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um þoku, súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0144	2006-02366	
Sýni 4	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr, lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0011	2006-02767	
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Kofaalda á Vestur öræfum

Áfok 7

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 7	N: 64° 50, 876 V: 015° 49, 330	Staðsettur vestan í Kofaöldu á Vestur öræfum, gengt Kringilsá. Innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn,	2006-06-08		V-SV stormur-gola. Léttskýjað og allverulegt sandfok vestan frá Öskjuöræfum og víðar fyrri hluta dags. Hiti allt að 20 stig í byggð.				
Sýni 1	2006-06-08	2006-07-03	Veður í júnímánuði var fremur umhleyppingasamt og ekki með þeim hætti að að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,0234	2006-1876	
Sýni 2	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0164	2006-2102	
Sýni 3	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um þoku, súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0085	2006-02367	
Sýni 4	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0042	2006-02768	
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

Sauðárdalur á Brúardölum

Áfok 8

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR.8	N: 64° 56, 010 V: 015° 53, 338	Nokkru ofan hæsta (525 m) lónsstæðis nokkuð vestur af Sauðáðalsstíflu. Umhverfi er sléttur hallandi, sæmilega gróinn melur. Landhalli að Hálslóni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-06-08		V-SV stormur-gola. Léttskýjað og allverulegt sandfok vestan frá Öskjuöræfum og víðar fyrri hluta dags. Hiti allt að 20 stig í byggð.				
Sýni 1	2006-06-08	2006-07-03	Veður í júnímánuði var fremur umhleyppingasamt og ekki með þeim hætti að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,0545	2006-1877	
Sýni 2	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0282	2006-2103	
Sýni 3	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0152	2006-02368	
Sýni 4	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0108	2006-02769	
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

Vestan Sauðárdals

Áfok 9

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 9	N: 64° 54, 232 V: 015° 57, 108	Stendur á vesturbrún dalsins í 650-670 m,h,y,s. Gegnt Sauðafelli.Parna er land tiltölulega flatt, og lítið eitt gróið. Ekki fok úr næsta nágrenni.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-07-03		SV-S gola. Léttskýjað og bjart veður. Ekki er moldrok.				
Sýni 1	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0182	2006-2104	
Sýni 2	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0162	2006-02369	
Sýni 3	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0068	2006-02770	
Sýni 4							
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Á Búrfellstöglum SV Búrfells

Áfok 10

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 10	N: 64° 55,482 V: 015° 43, 620	Stendur þarna vel í línu fyrir V áttinni frá Háslóni, Stendur á sléttum nokkuð grónum mel, með víðsýni í 3 áttir. (V,S,A)			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtn:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-06-08		V-SV stormur-gola. Léttskýjað og allverulegt sandfok vestan frá Öskjuöræfum og víðar fyrri hluta dags. Hiti allt að 20 stig í byggð.				
Sýni 1	2006-06-08	2006-07-03	Veður í júnímánuði var fremur umhleypingasamt og ekki með þeim hætti að fjúk jarðefna væri nema í smáum mæli.	2006-07-05	0,0254	2006-1878	
Sýni 2	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0161	2006-2105	
Sýni 3	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0058	2006-02370	
Sýni 4	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0037	2006-02771	
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Sauðárdalur.

Áfok 11

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 11	N: 64° 54, 941 V: 015° 55, 278	Stendur nokkuð grónum mel V Sauðárdals u.þ.b mitt á milli áfok nr 8 og 9 Parna er land að mestu slétt og hallandi til dalsins			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-07-03		SV-S gola. Léttskýjað og bjart veður. Ekki er moldrok.				
Sýni 1	2006-07-03	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrur. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0235	2006-2106	
Sýni 2	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um þoku, súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0106	2006-02371	
Sýni 3	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr, lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0053	2006-02772	
Sýni 4							
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Hálslóni
Fallryksmælar

Breiðastykki
Áfok 12

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 12	N: 65° 08, 817 V: 015° 45, 174	Staðsettur V Þríhyrningsfjallgarðs. A við Breiðastykki. Stendur þar á sléttum, nokkuð grónum mel við læk. Hæð y,s u,p,b 600 m			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-02-07		S-SV gola skjáð og smá skúrir				
Sýni 1	2006-07-02	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það. Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,1260	2006-2107	
Sýni 2	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um Þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0044	2006-02372	
Sýni 3	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr, lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp. Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0204	2006-02773	
Sýni 4							
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Arnardalur. (Á Brúardölum)

Áfok 13

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 12	N: 65° 06, 132 V: 016° 05, 919	Staðsettur V. Arnardals á sléttum ógrónum mel u.þ.b 100 m, hægra megin vegar. Kverkfjallal. Næsta umhverfi virðist nokkuð traust og ekki hætta á að trufla sýnatöku. Hæð y,s u,m,þ,b 600 m.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn.	2006-07-04		SV-V hvassviðri og mjög mikið fjúk jarðefna.				
Sýni 1	2006-07-04	2006-08-01	Að meginhluta var veðurfar í Júlí mánuði afar gott. Hitastig að jafnaði viðunandi og stundum vel það.Vindar voru mjög á rólegum hraða, þó með smá undantekningum. Úrkoma fremur lítil, þó stöku skarpir fjallaskúrir. Með smá undantekningum, var lítið um fok á jarðefnum þrátt fyrir tiltölulega þurran og hlýjan mánuð.	2006-08-02	0,0430	2006-2108	
Sýni 2	2006-08-01	2006-09-03	Veðurfari í ágúst mánuði er nokkuð lýst með eftirfarandi. Vindar oftast á rólegum hraða, oft bjartviðri og sólfar allmikið og mánuðurinn allhár í hitatölum. Á stundum einkum síðustu vikuna var allnokkuð um þoku, Súld og (eða) Rigningu.	2006-09-04	0,0167	2006-02373	
Sýni 3	2006-09-03	2006-10-01	September var óvenju hlýr,lygn og rakur. Snjóaði aðeins í fjöll upp úr miðjum mánuðinum en tók fljótt upp.Aðeins tvær frostnætur í byggð.	2006-10-05	0,0240	2006-02774	
Sýni 4							
			Mælingu 2006 hætt 2006-10-01				

Kárahnjúkavirkjun
Mistur frá Háslóni
Fallryksmælar

Fagridalur. (Á Brúardölum)

Áfok 14

